



Aðlögun OS að kröfum erlendra markaða

**Guðmundur Pálason**

**Greinargerð GP-86-02**

Nokkrar hugleiðingar út af bréfi ORKINT ds. 12.5.86 til orkumálastjóra.

Aðlögun OS að kröfum erlendra markaða.

*þ. a. v. d. j. f. h. t. a. l. d. l.*  
Orkint leggur til að fenginni fjögurra mánaða reynslu af könnun á mörkuðum erlendis fyrir íslenska jarðhitabekkingu, aðallega í Tyrklandi, að OS endurmeti forgangsröð verkefna sinna með þarfir ofangreinds markaðar í huga.

EKKI SKAL Því NEITAÐ AÐ GAGNLEGT SÉ AÐ ENDURMETA FORGANGSRÖÐ VERKEFNA ÖÐRU HVERJU MEÐ ÞARFIR ERLENDRA MARKAÐA Í HUGA. Hinu má þó ekki gleyma að Orkustofnun er stofnun íslenska ríkisins og hefur það hlutverk fyrst og fremst að þjóna hinum innlenda markaði. Löng reynsla er fyrir því hverjar eru þarfir hans. Sú verkaskipting þróðist fyrir um 25 árum að Orkustofnun (þá embætti raforkumálastjóra) sérhæfði sig í öllu sem snerti orkuöflunina og rekstur jarðhitasvæðanna, þar með talið jarðhitaleit, vinnslutækni og geymisverkfraði. Verkfraðistofur, sem þá var að fylga mjög í landinu, gátu boðið upp á verkfraðilega hönnunarvinnu í ýmis konar nýtingarferlum, t.d. hitaveitum. Sú verkaskipting, sem þannig þróðist, helst enn þann dag i dag, og skýrir e.t.v. hvers vegna Orkustofnun er betur í stakk búin til að sinna vissum verkefnageirum en öðrum.

Hæpið verður að telja að Orkustofnun eigi að víkja verulega út af þeirri braut, sem hún hefur markað sér, í þeim tilgangi að koma til móts við meira og minna losaralegar hugmyndir um kröfur erlendra markaða. Ef þörf kemur upp á þjónustu á sviði "neyslufræða", þá er einfaldast að leita samvinnu við þær verkfraðistofur, sem reynsluna hafa á hverju einstöku sviði. Vætanlega yrði þær helst um samvinnu að ræða við Fjarhitun, VGK og Virki.

Söluverkefnum á sviði jarðhita má gróft skipta í fjóra flokka: 1) jarðhitaleit, 2) vinnslutækni, 3) geymisverkfraði og 4) nýtingaráthuganir ("neyslufræði"). Það er rétt hjá Orkint að eftirspurnin erlendis er mismikil eftir þjónustu í hinum ýmsu flokkum. Að sviði jarðhitaleitar er hún e.t.v. minni en á hinum sviðunum. Ástæðan er sú að í flestum löndum, bæði þróuðum og vanþróuðum, eru til jarðfræðistofnanir, sem búa yfir nokkurri þekkingu á þeim sviðum, sem jarðhitaleitin fyrst og fremst byggir á. Tækjabúnaður, aðferðafræði og reynsla í jarðhitaverkefnum eru hins vegar í flestum tilvikum af skornum skammti, og því þurfa þessir aðilar að óstoð að halda. Hér eins og í öðrum söluverkum þarf sölumaðurinn að kunna góð skil á þeirri vöru, sem hann er að reyna að selja.

Litill vafi er á því að þörf markaðarins er mest í verkefnum á svíði vinnslutækni og geymisverkfræði, enda eru þau söluverk erlendis, sem unnið er að í dag, á þessum svíðum. Sjaldnast eru til neinar stofnanir sem hafa kunnáttu á þessum svíðum nema í löndum, sem hafa langa reynslu í nýtingu jarðhita. Verkefnin eru margvisleg: útfellingar neðanjarðar og ofan, niðurdæling, afkastamælingar, mat á vinnslugetu og langtímahegðun jarðhitasvæða, o.fl.

Nýting jarðhita (eða neyslufræðin á máli Orkint) er mjög breitt svíð, sem hér á landi er unnið að mjög viða í þjóðfélaginu, hjá stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Orkustofnun hefur lagt nokkuð til málanna með athugunum á nokkrum tilteknum svíðum. Fyrir dyrum stendur að taka saman yfirlit um það helsta, sem gert hefur verið á þessu svíði hjá stofnuninni undanfarin ár. Auk þess sem unnið hefur verið á kostnað stofnunarinnar, hefur að sjálfsögðu mikil reynsla fengist í söluverkum fyrir fjölmarga aðila, hitaveitur, fiskeldisstöðvar, sveitarfélög, bændur o.fl.

Ekki verður séð í fljótu bragði að sú ályktun Orkint að markaður fyrir jarðhitabekkingu erlendis sé fyrst og fremst á svíði nýtingar og neyslu sé rétt, enda eru ekki færð nein sérstök rök fyrir henni. Hvarvetna þar sem nýting jarðhita er skammt á veg komin, eru meginvandamálin tengd orkuöfluninni. Yfirleitt hafa menn sæmilega skýrar hugmyndir um til hvers þeir ætli að nota varmann og er þar raforkuvinnsla venjulega markmið nr.1. A seinni árum hefur áhugi á beinni notkun varmans í húshítun, iðnaði og landbúnaði vaxið nokkuð, en hagkvænni slikrar nýtingar í tiltölulega heitum löndum er óljós enn sem komið er.

Ég tel því rétt að Orkustofnun fari sér hægt í því að breyta starfsemi sinni til aðlögunar erlendum mörkuðum, á meðan ekki liggur fyrir meiri reynsla af verksölu erlendis en nú er.

*Guðmundur Pálason*  
Guðmundur Pálason